

34. fundur í háskólaráði Lbhí haldinn á Hvanneyri 25. október 2012 kl. 10:00. Mættir: Stefán Logi Haraldsson, Þórhallur Bjarnason, Ásmundur Einar Daðason, Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Haraldur Benediktsson, Hrannar Smári Hilmarsson, Jón Torfi Jónasson, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð.

1. Fundargerð 33. fundar samþykkt að teknu tilliti til athugasemda.
2. Úttekt á starfsstöðvum. Lögð voru fram drög að skýrslu um úttekt á starfsstöðvum og fjárhagslega framtíð Lbhí. Í skýrslunni eru lagðar fram hugmyndir að þremur mismunandi leiðum til að draga úr rekstrarkostnaði við skólann með það að markmiði að hann rúmist innan fjárlagaramma. Í öllum hugmyndunum felst að verkefni eru flutt milli starfsstöðva. Leið 1. Er að færa skólalald frá Reykjum að Hvanneyri. Leið 2 gerir ráð fyrir því að starfsemi á Keldnaholti verði flutt að Hvanneyri og Leið 3 að starfsemin bæði á Reykjum og Keldnaholti verði færð að Hvanneyri. Jafnframt er dregið fram í skýrslunni að óhjákvæmilegt er að skapa skólanum betri aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu í framtíðinni, hvort sem starfsemin verður færð á milli staða eða ekki. Í umræðum kom m.a. fram að miðað við niðurstöður skýrslunnar kæmi á óvart hversu lítið sparaðist við þessar breytingar en jafnframt kom fram það sjónarmið að líklega væri fjárhagslegur ávinningur mun meiri en þar kemur fram. Í ljósi þess að viðhald og endurnýjun mannvirkja á Reykjum er orðin mjög brýn þurfi að taka ákvörðun um hvort þar eigi að byggja upp til framtíðar eða ekki. Í umræðunni var áhersla á það sjónarmið að þarfir og aðstæður skólans í framtíðinni yrðu að vera í forgangi fremur en þau vandamál sem flutningurinn skapar til skemmri tíma. Jafnframt að halda verði því til haga að skólinn þarf aukna aðstöðu og fjármuni til uppbyggingar í nánustu framtíð óháð því hvort af flutningum verður eða ekki. Mikilvægast sé að huga vel að högum starfsfólks og að mikilvæg þekking glatist ekki. Þá sé einnig mikilvægt að hugað sé að samfélagslegum þáttum samhliða ákvörðun, búsetuskilyrðum, samstarfi við sveitarfélag, samgöngum o.fl. Fram komu áhyggjur af því að ef starfsemi á Keldnaholti verði flutt milli starfsstöðva tapist mannauður og þekking sem leiðir til þess að Lbhí færist meira yfir í að vera kennsluháskóli. Ef til þessa kemur þurfi að gæta sérstaklega að rannsóknunum og þeim mannauði sem þarf að vera til staðar til að skólinn standi undir nafni sem rannsóknaháskóli. Háskólaráð samþykkti eftirfarandi bókun:
„Háskólaráð felur rektor að leggja skýrslu um úttekt á starfsstöðvum og fjárhagslega framtíð fyrir mennta- og menningarmálaráðherra og leita eftir stuðningi við þau úrræði sem tryggja skólanum bestu mögulegu starfsskilyrði og fjárhagslegan rekstrargrundvöll. Háskólaráð leggur áherslu á tvennt í þessu samhengi. Annars vegar að samhliða ákvörðun um breytingar á starfsstöðvum skólans verði fjárhagsgrundvöllur hans tryggður og ákveðið hvernig fara skuli með uppsafnaðan rekstrarhalla. Hins vegar að aðkoma starfsfólks og nemenda að nánari útfærslum á fyrirliggjandi ákvörðun um breytingar á starfsstöðvum skólans verði tryggð.“ Bókun samþykkt með 8 atkvæðum. 1 (EE) greiðir ekki atkvæði.
3. Önnur mál. ÁS greindi frá fundi í menntamálaráðuneyti þar sem fram fór formleg eftirfylgni með samningi skóla og ráðuneytisins um framlög til kennslu og rannsókna. Einnig greindi hann frá heimsókn Steingríms J Sigfússonar atvinnu- og nýsköpunarráðherra að Hvanneyri þar sem farið var yfir m.a. samning skóla og atvinnuvegaráðuneytisins um rannsóknir, hagþjónustumál og sölu eigna. Þá var ráðherra upplýstur um ný verkefni innan skólans sem eru í athugun, matarsmiðju og orkusetur. Að lokum greindi ÁS frá fundi þann 16. okt sl. með alþingismönnum NV kjördæmis þar sem farið var yfir sömu mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:25